

## Svar

### innviðaráðherra við fyrirspurn frá Bryndísi Haraldsdóttur um ráð, nefndir, stjórnir, starfshópa og stýrihópa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvað voru á árinu 2022 stofnaðar margar nýjar nefndir, stjórnir, ráð, stýrihópar eða starfshópar sem heyra undir ráðuneytið og hver er áætlaður kostnaður vegna þeirra?*

Alls voru stofnaðar 19 nýjar nefndir, stjórnir, ráð, stýrihópar eða starfshópar á vegum innviðaráðuneytisins árið 2022 og kostnaður vegna þeirra var 4.557.710 kr.

Í samræmi við orðalag fyrirspurnar eru ekki taldar með lögbundnar eða ráðherraskipaðar nefndir sem stofnaðar voru fyrir tímamarkið en voru starfandi árið 2022 eða endurskipaðar á árinu enda teljast þær ekki nýjar í framangreindum skilningi. Ekki er talinn kostnaður vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu sem tengist starfi framangreindra hópa.